

Umhverfisstofnun  
Hildur Vésteinsdóttir  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. maí 2014  
2014040023/42-0  
KHS, OKN, TB  
jgo/tb

### Ósk um undanþágu til að nálgast hreiður, hafarna fálka og þórshana, umsögn


Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 22. apríl, sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Elmu Rúnar Benediktsdóttur um undanþágu til að nálgast hreiður hafarna, fálka og þórshana.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins. Elma Rún hefur haft samband við Náttúrufræðistofnun og hefur stofnunin gefið vilyrði um að Elma geti farið með starfsmanni stofnunarinnar í ferð til að merkja erni ef aðstæður leyfa og þannig kynnst og öðlast reynslu í að umgangast friðaða fuglategund. Stofnunin telur engar forsendur til að veita leyfi vegna annarra friðaðra fuglategunda.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

